



Kópavogur, 9. ágúst 2019.

UMSÖGN UM FYRIRHUGAÐ LAGAFRUMVARP

Varðandi: Áform um lagasetningu, frumvarp til breytinga á lögum nr. 43/1999, um tímabundnar endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi, mál nr. S-190/2019, birt. 16. júlí sl.

Inngangur

Hinn 11. júlí sl. voru áform um lagasetningu útgefin um frumvarp til laga um breytingu á lögum um tímabundnar endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi, nr. 43/1999, með síðari breytingum (í umsögn þessari nefnt „áformin“). Breytingarnar sem lagðar eru til í frumvarpinu virðast byggðar á skýrslu sem starfshópur skilaði til ráðherra ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunar á vormánuðum.

Áformin eru nú til umsagnar á svonefndri samráðsgátt.

Með umsögn þessari hyggst Sagafilm ehf., kt. 590578-0109 (í umsögn þessari nefnt „Sagafilm“), koma á framfæri sínum sjónarmiðum er varða áformin og lýsa yfir stórfelldum áhyggjum og vonbrigðum með fyrirhugaðar breytingar.

Leitast verður við að útskýra hvaða áhrif einstakar breytingar í áformunum myndu hafa á kvikmyndaiðnaðinn á Íslandi enda má ætla að lesendur hafi nú þegar góða þekkingu á slíkri starfsemi og þeim innviðum sem hið opinbera hefur hingað til boðið sjálfstæðum íslenskum framleiðendum.

Umsögn þessari verður skipt í nokkra undirkafla. Þó áformin virðist við fyrstu sín þykja einföld og skornort, myndu afleiðingar þeirra vera víðfeðmar og grafalvarlegar fyrir kvikmyndaiðnað landsins og sérstaklega hafa áhrif á sjálfstæða framleiðendur. Það er Sagafilm því mikið kappsmál að gera stjórnvöldum grein fyrir alvarleika málsins á skýran og greinargóðan hátt og þeim afleiðingum sem lögfesting áformanna myndi hafa í för með sér fyrir sjálfstæða íslenska framleiðendur, efnahaginn sem þeir hafa búið sér og framleiðslu menningarefnis á Íslandi.

Umsögn

Almennt

Áformin eru að mestu leyti byggð á niðurstöðum og tilmælum úr skýrslu vinnuhóps um styrki og endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi frá maí á þessu ári sem er liður í endurmati útgjalda og merkt sem verkefni 1/2019 (í umsögn þessari nefnd „skýrslan“).

Vinnuhópin skipa fulltrúar fjármála- og efnahagsráðuneytisins og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins en hópurinn starfar í umboði stýrinesndar ráðuneytistjóra sömu ráðuneyta.

Niðurstöður vinnuhópsins má finna í formi tillagna til stýrinesndarinnar. Þar eru sex atriði lögð til sem breytingar á núverandi kerfi.



Í upphafi er lagt til að markmiðsgrein laganna verði endurskoðuð til að endurspeglar upphaflegan tilgang laganna.

Í öðru lagi er lagt til að einungis kvikmyndir í fullri lengd, leikin sjónvarpsmynd eða röð leikinna sjónvarpsþátta og heimildarmyndir eigi að njóta endurgreiðslu.

Í þriðja lagi er lagt til að þak verði sett á endurgreiðslu fyrir einstakt verkefni á hverju ári. Þ.e. að ef endurgreiðsla fyrir einstakt verkefni fer yfir 400 milljón krónur, þá yrði heimilt að dreifa endurgreiðslu á fleiri ár.

Í fjórða lagi er lagt til að ekki yrði hægt að skuldbinda ríkissjóð umfram þriggja ára áætlun ríkisaðila og því ekki heimilt að samþykkja verkefni ef áætlaðar endurgreiðslur væru ekki innan þess tíma.

Í fimmta lagi er lagt til að farið verði fram á að öll uppgjör framleiðenda verði endurskoðuð af löggiltum endurskoðanda og skilyrt að þau verði endurskoðaðir í samræmi við lög um tímabundnar endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi.

Í sjötta og síðasta lagi er lagt til að endurskoðaður verði menningar- og framleiðsluhluti verkefnaáttansins í reglugerðinni með það að markmiði að gera það hlutlægara, gagnsærra og fyrirsjáanlegra. Þá eigi um leið að aðgreina endurgreiðslukerfið enn frekar frá öðrum stuðningi ríkisins til kvikmyndagerðar.

Þessum tillögum virðist að miklu leyti hafa verið hnýtt saman í þær breytingar sem kynntar eru með áformunum. Þar kemur fram „að lagt sé til að breyta lögum og reglugerð þannig að skilyrði fyrir endurgreiðslu takmarkist við kvikmyndir í fullri lengd, leiknar sjónvarpsmyndir eða röð leikinna sjónvarpsþátta og heimildarmyndir. Ef af þessum breytingum verður falla út dagskrárþættir eins og spjallþættir, raunveruleikaþættir og skemmtiþættir, en á undanförunum árum hafa endurgreiðslur til slíkra þátta aukist töluvert. Í skýrslu sem starfshópur skilaði til ráðherra ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra á vormánuðum var lagt til að þak verði sett á ársgreiðslu til einstakra verkefna, að krafa verði um að öll verkefni lúti endurskoðun á kostnaði og að skilin á milli endurgreiðslukerfisins og úthlutunar úr Kvikmyndasjóði verði skýrari.“

Þannig má í raun skipta breytingunum sem kynnt eru með áformunum í fernt. Að fella út spjallþætti, skemmtiþætti og raunveruleikaþætti (og annað sjónvarps- og dagskrárefni), að setja þak á ársgreiðslu til einstakra verkefna og heildarendurgreiðslu á fjárlögum, að krefja um tiltekna endurskoðun og að skilja með skýrari hætti á milli endurgreiðslukerfisins og kvikmyndasjóðs.

Líkt og fyrr segir eru breytingarnar víðfeðmar og róttækar. Í raun er snúið að veita umsögn um hverja breytingu fyrir sig, því þær hafa samverkandi áhrif á iðnaðinn allan. Umsögn þessari verður því nú skipt í þrjá undirkafla eftir augljósum áhrifum breytinganna á markmið laganna, menningu og efnahag kvikmyndaiðnaðarins á Íslandi.

Markmið

Grundvöllur þess að undanþága frá ríkisstuðningi við starfsgreinina er heimil samkvæmt EES samningi er sú að markmiðið er að kljást við yfirburðastöðu bandaríks menningarefnis sem hefur yfir 80% markaðshlutdeild í framleiðslu á kvikmynduðu efni í heiminum.



Auk þess verður í upphafi að staldra við markmið breytinganna. Öllum má vera ljóst að áformin hafa fyrst og fremst, og nánast einvörðungu, áhrif á sjálfstæða framleiðendur.

Bróðurparti skýrslunnar sem áformin eru byggð á er varið í að lofsyngja endurgreiðslukerfið og því fagnað í sífellu hversu vel hefur tekist til að virkja sköpunarkraft og hæfni sjálfstæðra framleiðenda á Íslandi. Núverandi fyrirkomulag byggt upp kvikmyndaiðnað sem þekktur er um allan heim. Ísland er kynnt, innan lands og utan, einkum og sér í lagi í auglýsingum og öðrum fróðleik handa erlendum framleiðendum sem kyngimagnaður tókustaður sem bjóði upp á eitt fullkornasta endurgreiðslukerfi allra landa. Fyrir örfáum árum voru hér einungis innviðir til að reka eitt stórt kvikmyndasett – en í dag má reka fjögur slík kvikmyndasett í einu. Slíkur hefur vöxtur greinarinnar verið og mannaflans sem við hana starfar.

Við fyrsta lestur áformanna vaknar því áleitinn spurning sem erfitt er að svara. Fyrst núverandi kerfi skilar meiri tekjum til ríkissjóðs en það kostar og styður um leið við öflugna og skapandi atvinnuuppbyggingu um allt land, til hvers í ósköpunum að breyta því?

Áformin gera ráð fyrir því að fella spjallþætti, raunveruleikaþætti og skemmtiþætti út úr endurgreiðslukerfinu. Með nokkru öryggi má áætla að 80% slíkra verkefna á vegum sjálfstæðra framleiðenda verði aldrei framleidd hætti að bjóðast til þeirra endurgreiðsla. Sjálfstæðir framleiðendur halda uppi kvikmyndaiðnaðinum á Íslandi. Slík verkefni eru nauðsynleg sem hluti af stöðugleika í greininni, jafnt faglega sem rekstrarlega. Afleiðingarnar yrðu því skelfilegar fyrir rekstur slíkra fyrirtækja. Gera má ráð fyrir að einhver smærri framleiðslufyrirtæki hætti starfsemi verði áformin að veruleika. Nánast öll verkefni sem hingað til hafa verið unnin af sjálfstæðum framleiðendum fyrir sjálfstæðar sjónvarpsstöðvar munu jafnframt hverfa sjónum áhorfenda.

Þó slíkar hamfararéttir einar og sér ættu að gera stjórnvöld fráhverf áformunum, verður líka að setja þessi áform í samhengi við markmið endurgreiðslukerfisins. Verkefni við spjallþætti, raunveruleikaþætti og skemmtiþætti eru nauðsynlegur liður í rekstri margra sjálfstæðra framleiðenda. Þau halda úti vinnu fyrir fagfólk íslenska kvikmyndaiðnaðarins og jafna hinn sveiflukennða rekstur sem annars væri einungis háður duttlungum stórra erlendra kvikmyndaframleiðenda sem hingað koma til að kvikmynda leikið efni og stærri innlendum kvikmyndum og sjónvarpsþáttaröðum.

Það hefur margsannað sig að þegar erlendum verkefnum fækkar þá leita starfsmenn kvikmyndaiðnaðarins í önnur verkefni, það er þau verkefni sem nú á að fella út. Gera má þá ráð fyrir að séu ekki slík verkefni í boði hjá sjálfstæðum íslenskum framleiðendum, neyðist fagfólk í greininni til að sækja erlendis í verkefni með tilheyrandi spekileka og tapi á verðmætri þekkingu og reynslu úr greininni.



Þessi verkefni þjóna þó ekki einungis þeim tilgangi að halda úti atvinnu og jafna rekstur sjálfstæðra framleiðenda, heldur eru þau nauðsynlegur liður í þjálfun og uppbyggingu þess fagfólks sem starfar við greinina. Kvikmyndaiðnaðurinn, líkt og allar aðrar atvinnugreinar, krefst menntunar og reynslu fagfólks þegar ráðist er í stærstu verkefni. Á Íslandi fær fólk að vaxa í starfi og öðlast reynslu við framleiðslu annarra sjónvarpsþátta en leikins efnis. Í raun réttir er framleiðsla slíkra þátta ein ástæða þess að á Íslandi er stór hópur fólks sem hefur nógu mikla og góða reynslu til að þjónusta stór erlend kvikmyndaverkefni. Þessi verkefni eru ein forsenda þess að í dag megi reka fjögur kvikmyndasett í einu á Íslandi. Reynslan og þjálfunin sem fólk hlýtur við framleiðslu þeirra verkefna sem nú á að fella út er ein ástæða þess að Íslendingum er treyst fyrir stórum erlendum verkefnum og hljóta lof í hvívetna fyrir frammistöðu sína við slík störf.

Þessi órjúfanlegi þáttur kvikmyndaiðnaðarins virðist látinn falla á milli skips og bryggju í áformunum. Það er óraunhæf draumsýn að ætla að til landsins leiti í sífellu aragrúi erlendra risaframleiðenda ef mannafla greinarinnar á Íslandi er aldrei gefinn kostur á að öðlast reynslu til að sinna slíkum verkefnum. Það má heita augljóst að stærstu kvikmyndaframleiðendur heims myndu tæpast treysta óreyndu fólki til að framleiða sínar fjárfestingar.

Um þessar mundir fer fram endurskoðun á stefnu hins opinbera er varðar kvikmyndaiðnaðinn innan veggja mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Ætla má að hagsmunir stjórnvalda og sjálfstæðra framleiðanda fari saman í því að bíða eftir niðurstöðum slíkrar endurskoðunar. Það væri í besta falli óráð að skera með þessum hætti út jafn mikilvægan þátt í greininni á meðan þeirri vinnu stendur. Að vaða fram í jafn áhrifamiklar og alvarlegar breytingar líkt og áformin gera ráð fyrir myndi setja slíka endurskoðun í uppnám og torvelda sjálfstæðum framleiðendum að taka þátt í slíkri stefnumótun.

Þá að meginmarkmiði áformanna. Þau virðast eiga að hafa þann tilgang að slípa löggjöfina svo til að erlendir framleiðendur líti enn frekar á Ísland sem áhugaverðan kost í tókustaðavali og þjónustukaupum í kvikmyndaiðnaðinum. Engu að síður er lagt til að 400 milljón króna hámark verði sett á endurgreiðslu til einstakra verkefni á hverju ári. Með öðrum orðum er beinlínis verið að setja þak á stærð þeirra verkefna sem hingað koma til landsins við 1.6 ma. króna á ári. Við 1.6 ma. króna hámarkið byrjar þannig endurgreiðslan að lækka sem hlutfall af heildarframleiðslukostnaði innan ársins. Breytingar þessar eru rökstuddar á þann hátt koma eigi í veg fyrir að einstök verkefni þurrki upp fjárveitingu hvers árs. Hins vegar ætti núverandi heimild í lögum um að fresta endurgreiðslum milli fjárlagaára, að fullnægja lagakröfum um fjármál hins opinbera.

Þessu til viðbótar verður hér að minna á hið augljósa. Endurgreiðslan er ekki styrkur. Endurgreiðslan er, líkt og nafnið gefur bersýnilega til kynna, endurgreiðsla. Hið opinbera greiðir til baka hluta þess

Ég byrjaði sem starfsnemi hjá Sagafilm í auglýsingadeild fyrirtækisins. Ég hafði litla sem enga reynslu af kvikmyndagerð. Eftir 5 mánuði í hinum ýmsu verkefnum var ég ráðin inn sem aðstoðarframleiðandi í deildinni.

Næst starfaði ég við framleiðslu innan dagskrárdeildarinnar og tók að mér framkvæmdastjórn í sjónvarpsseríunni Líf Kvíknar og síðar þáttaröðinni Heilabrot sem verður sýnd á RÚV í haust. Þá er ég einnig á skrá sem auglýsingaleikstjóri hjá fyrirtækinu.

Loks var mér falin skipulagsstjórn með eftirvinnslu á sjónvarpsþáttunum Stellu Blómkvist og síðar kvikmyndinni Víti í Vestmannaeyjum. Í síðustu viku lauk tókum á leiknu sjónvarpsseríunni Ráðherrann þar sem ég sinnti hlutverki aðstoðaleikstjóra. Fjölbreytt reynsla mín í framleiðslu á sjónvarpsþáttum gerði mig hæfa til starfars.

Ef ekki væri fyrir þessi minni verkefni og Sagafilm væri ég starfandi við aðra grein í dag. Ég er alls ekki ein um það, og þykir mér því vert að itreka mikilvægi dagskrárgerðar og framleiðslu á dagskrárefni fyrir kvikmyndagerðarfólk, íslenska kvikmyndagerð og menningu.

Álfheiður Marta Kjartansdóttir
framleiðandi og leikstjóri hjá Sagafilm



sem þegar hefur skilað sér til ríkissjóðs og inn í samfélagið. Raunkostnaðurinn fyrir ríkissjóð er því enginn, heldur einungis endurgreiðsla af hluta þess sem þegar hefur skilað sér til samfélagsins og þess opinbera. Nánar verður fjallað um verðmætaaukningu iðnaðarins og endurgreiðslunnar í undirkaflanum „efnahagur“.

Sagafilm er einn þeirra sjálfstæðu framleiðenda sem hafa verið í fararbroddi þjónustu við erlend framleiðslufyrirtæki. Að mati Sagafilm munu erlend fyrirtæki með stærri verkefni strax hætta að líta á Ísland sem valkost ef af áformunum verður. Það sem verið hefur einfalt og gagnsætt kerfi, verður flóknara og þyngra í vöfum, því raunveruleg niðurstaða, ef af áformunum verður, er að endurgreiðslur verða sjóður þar sem fyrstur kemur fyrstur fær á hverju ári. Sjóður, hvers árleg upphæð verður fest til lengri tíma. Styrkleiki núverandi fyrirkomulags er einmitt sá sveigjanleiki sem stjórnvöld virðast ætla að hverfa frá með áformunum.

Ísland er í harðri samkeppni við önnur lönd um að þjónusta stærri erlend framleiðsluverkefni. Þessa samkeppni stunda sjálfstæðir framleiðendur á Íslandi sem eyða miklu púðri í að markaðssetja Ísland sem vænlegan kost við framleiðslu á kvikmynduðu efni. Þar er Ísland helst í samkeppni við lönd sem bjóða nú þegar upp á mun öflugra endurgreiðslukerfi. T.d. er ekkert þak á heildarskuldbindingum ársins á Írlandi og einstök verkefni geta kostað allt að 10 ma. króna. Þar er endurgreiðslan 32-37% á 80% hlutfall kostnaðar. Verði áformin að veruleika yrði árlegt þak á einstök verkefni á Íslandi aðeins um 14% af því sem Írland býður erlendum framleiðendum. Ótal dæmi má til viðbótar tína til um fullkomnari endurgreiðslukerfi í nágrenni Íslands. Í öllu falli myndu þær breytingar sem nú eru boðaðar rýra gæði endurgreiðslukerfisins svo verulega að sjálfstæðum íslenskum framleiðendum yrði það nær ógerningur að markaðssetja Ísland sem samkeppnishæfan stað til að framleiða stór erlend kvikmyndaverkefni.

Menning

Þær tegundir kvikmyndaðs efnis sem nú á að fella út úr endurgreiðslukerfinu er annað sjónvarpsefni eins og skemmtiþættir, spjallþættir og raunveruleikaþættir. Líkt og fram kom hér að ofan má áætla að 80% þess efnis sem nú er framleitt myndi aldrei líta dagsins ljós ef af áformunum verður. Endurgreiðslan er þannig forsenda þess að slíkt efni sé framleitt á Íslandi. Ekki verður fullyrt um það hvort takmark stjórnvalda sé að útrýma slíku efni en réttast er að glöggva lesendur umsagnar þessarar á mikilvægi slíks efnis í menningarlegu samhengi.

Öll mannanna verk eru menning. Sama hvað tíðaranda og áherslum einstakra kreösa líður er sú staðreynd óvæfengjanleg. Nú virðist hins vegar vera svo fyrir komið að hið opinbera ætli að lögfesta flokkun á menningu í há- og lágmennningarverkefni. Slík flokkun er að sjálfsögðu hættuleg allri menningu og stríðir gegn grunnstoðum allrar listsköpunar. Hér verður þó að staldra við og kanna örlítið tilgang endurgreiðslunnar og muninn á henni og kvikmyndasjóði.

Kvikmyndasjóður hefur það hlutverk að styðja við verkefni sem eru honum, að einhverju marki, menningarlega þóknarleg. Hann gerir upp á milli verkefna á ýmsum forsendum og þeirra á meðal menningarlegu mikilvægi hvers verkefnis. Hlutverk sjóðsins er svo að styðja við framleiðslu á slíkum verkefnum.

Endurgreiðslukerfið aftur á móti er ekki á sama hátt menningarlegs eðlis. Endurgreiðslukerfið er stuðningur við list-iðngrein. Það er hannað til að viðhalda og byggja enn frekar upp kvikmyndaiðnaðinn á Íslandi sem atvinnuveg. Tilgangur þess er að gefa sjálfstæðum framleiðendum



hvata til að safna fjárfestingu og verkefnum í framleiðslu svo tekjurnar skili sér að lokum til hins opinbera og út í samfélagið. Breytingarnar sem nú eru lagðar til í áformunum virðast hreinlega gera ráð fyrir því að þær tekjur sem skili sér úr einni tegund menningar séu dýrmætari og merkilegri en þær tekjur sem skila sér úr annarri tegund menningar. Að ákveðin tegund menningar sé þannig samfélaginu dýrmætari en hin við atvinnuuppbyggingu greinarinnar.

Það sjónvarpsefni sem nú á að gera óendurgreiðsluhæft er sennilega ein dýrmætasta samtímaheimild okkar tíma. Íslenskt sjónvarpsefni, í hvaða formi sem er, er einn mikilvægasti þáttur þjóðmálaumræðunnar, upplýsingar og þekkingarauka. Íslenskt sjónvarpsefni sýnir þjóðinni sjálfa sig á allan hátt sem er órjúfanlegur þáttur í mótun sjálfmyndar hverrar þjóðar. Í íslensku sjónvarpsefni verða landsþekktir einstaklingar til, þar eru brotalömmum samfélagsins gerð skil, þar stendur þjóðin saman og henni er bent á hvar hún er sundruð. Íslenskt sjónvarpsefni heldur faglega utan um þessa menningu og varðveitir hana um ókomin ár. Í íslensku sjónvarpsefni eru raunsannar samtímaheimildir fangaðar sem eru þjóðinni dýrmætari í samtíð – en ómetanlegar í framtíð.

Þessu til viðbótar er íslenskt sjónvarpsefni einn mikilvægasti liðurinn í að viðhalda íslenskri tungu. Það er margtuggin tugga að íslenskan eigi undir högg að sækja með alþjóðavæðingu afþreyingariðnaðarins. Erlendar kvikmyndir, sjónvarpsþættir, tölvuspil og fleira hafa stöðugt rutt sér til rúms þess tíma sem Íslendingar verja við afþreyingu. Íslenskt sjónvarpsefni er öflugasta vörn – og í eitt síðasta vígi íslenskunnar á sviði afþreyingar. Ef af áformunum verður má ætla að stjórnvöld hafi þannig tætt niður 80% af slíku efni framleiddu af sjálfstæðum framleiðendum. Í skýrslu sem Capacent vann fyrir félag rétthafa í sjónvarps og kvikmyndaiðnaði kemur fram að 88% landsmanna telji það mikilvægt að sýnt sé innlent efni. Áformin ganga í berhögg við þann skýra vilja þjóðarinnar.

Dæmi um efni sem Sagafilm hefur framleitt á undanförunum misserum sem myndi samkvæmt breytingunum ekki hljóta endurgreiðslu eru: *Hvað höfum við gert?*, tíu þátta röð um loftslagsvána, Eddu-verðlaunapættirnir *Líf kviknar* og *Framapot*, *Visthúsið*, *Ferðastiklur*, *Strúktur* og fjöldi annarra þátta sem Sagafilm þróaði, framleiddi og fer með höfundaréttindi að.

Þessir þættir hefðu ekki verið framleiddir, ef endurgreiðslunnar hefði ekki notið við.

Ég hóf störf í sjónvarpi árið 1988. Eftir nokkurra ára vinnu þar við ýmis störf, bæði í dagskrárgerð, kynningarmálum og fréttum fór ég í nám til útlanda. Þegar heim var komið hóf ég störf hjá Sagafilm þar sem ég hef starfað við ýmis konar þáttagerð.

Það má án efa fullyrða að þessi reynsla sem ég bý að, eftir störf við fjölmörg fjölbreytt dagskrárverkefni í gegnum tíðina, hefur hjálpað mér að komast á þann stað sem ég er á í dag. Án þessarar reynslu væri starfsgeta mín ekki söm. Árið 2017 tók ég við sem framleiðandi leikins efnis hjá Sagafilm og framleiddi í dag þau metnaðarafullu og stóru leiknu verkefni sem Sagafilm hefur veg og vanda að.

Tilhugsunin að smærri dagskrárverkefni verði ekki framleidd er óásættanleg. Það er mikilvægt innlegg í okkar menningu og iðnað að framleiða vandaða þætti sem gefa ungu fólki tækifæri til að hlotnast þá reynslu og þekkingu sem stærri verkefni krefjast.

Anna Vigdís Gísladóttir
framleiðandi Ráðherrans,
Vítis í Vestmannaeyjum,
Flatvejargátunnar o.fl.



Efnahagur

Það sætir ekki tíðindum að hinar skapandi greinar þurfi í sífellu að réttlæta opinber framlög í sína þágu. Í sjálfu sér er það sjálfsagt og eðlilegt enda er öll meðferð á opinberu fé pólitískt mál sem sæta verður endurskoðun á hverjum tíma. Kvikmyndaiðnaðurinn er þó frábrugðinn öðrum listgreinum sem þiggja opinber framlög. Það er margútreiknað og sannað að hver króna sem hið opinbera leggur til kvikmyndaiðnaðarins skilar sér margfalt til baka inn í þjóðfélagið og í ríkiskassann. Kostnaður vegna endurgreiðslu til kvikmyndagerðar er um helmingi lægri en þær skatttekjur sem ríkið fær á móti frá greininni. Hver króna skilar sér því tvöfalt til baka.

Efnahagurinn sem sjálfstæðir íslenskir framleiðendur hafa byggt upp er þannig bæði umfangsmikill og arðbær fyrir hið opinbera. Þvert á hinu pólitíska rófi eru allir sammála um að kvikmyndaiðnaðurinn sé mikilvægur Íslandi í efnahagslegu samhengi. Starfamargfaldari greinarinnar er 2,9 og framleiðslumargfaldari er 2,4. Árið 2014 runnu um það bil 12 milljarðar króna til hins opinbera vegna greinarinnar og umfangið hefur aukist síðan. Upp undir 2.000 ársverk eru við iðnaðinn, sem samsvarar þremur stóriðjuverkefnum á Íslandi. Veltan er litlu minni en heildarvelta mjólkuriðnaðarins eða kjötiðnaðarins í landinu.

Ef breytingar þær sem lagðar eru til í áformunum verði að veruleika, yrði tekjutap ríkissjóðs umtalsvert. Því líkt og fram hefur komið snúa þessar breytingar ekki einungis að spjall- og skemmtipáttum, heldur gjörvöllum rekstrargrundvelli og samkeppnishæfni greinarinnar. Bein og afleidd störf myndu glatast og gjaldeyrstekjur dragast saman. Skýrsla vinnuhóps um endurmat útgjalda sem áformin eru byggð á fjallar ekkert um áætlað tekjutap ríkissjóðs og þann starfafjölda sem myndi glatast. Réttast væri af hinu opinbera að gera nákvæma úttekt á þeim neikvæðu og óumflýjanlegu afleiðingum breytinganna áður en lengra er haldið.

Beint veltutap sjálfstæðra framleiðenda af því að gera annað sjónvarpsefni en leikna þætti óendurgreiðsluhæfa er áætlað um 620 milljónir króna og 80% af framleiðslunni myndu hverfa. Þar með er rekstrargrundvöllur margra sjálfstæðra íslenskra framleiðenda brostinn og gera má ráð fyrir að yfir tugir fastra stöðugilda muni hverfa úr greininni verði þessi áform að veruleika.

Benda má á að aðrar leiðir eru færar við að tryggja hlut sjálfstæðra framleiðenda og má t.d. líta til eignarhalds verkefna sem viðmiðs um hvernig annað sjónvarpsefni gæti verið áfram inni í kerfinu. Ef t.d. sjónvarpsstöð er eigandi hugverkaréttinda að baki efnisins, þá væri verkefnið ekki endurgreiðsluhæft. Hinsvegar ef sjálfstæður framleiðandi fer með þessi réttindi að stóru leiti, gæti verkefnið fallið undir endurgreiðslu, að uppfylltum menningar- og tækniskilmálum endurgreiðslunnar.

Þú getur ekki leikstýrt neinu þó svo að þú sért búinn í kvikmyndanami og sérstaklega ekki sjónvarpsseríu. Þess vegna tók ég ferlið skref fyrir skref til að styrkja mig í faginu; byrjaði á því að leikstýra ódýrum tónlistar-myndböndum, yfir í minni auglýsingar og stuttmyndir, þaðan í stærri auglýsingar og loks í framleiðslu sjónvarpsefnis. Það eru stór og greinanleg þrep þarna á milli og ég myndi segja að stærsta stökkið hafi verið yfir í dagskrárefni. Þar lærði ég að búa til myndmál og frásögn á mun lengra formi en ég hafði áður gert. Það er mjög erfitt að fanga athygli fólks og halda henni í 25 mínútna sjónvarpsdagskrá. Því er gífurlega mikilvægt fyrir leikstjóra og kvikmyndagerðarfólk að vinna í þessum ódýrari sjónvarpsframleiðslum til að afla þeirrar reynslu sem þarf til að búa til góða leikna sjónvarpsseríu, seríu sem er alla jafna tífalt dýrari og flóknari.

Haukur Björgvinsson
framleiðandi og leikstjóri hjá Sagafilm.



Stjórnvöld virðast hvarvetna leggja mikinn metnað í að byggja upp skapandi störf á Íslandi og þátttöku þeirra í fjórðu iðnbyltingunni. Það skýtur því skökku við að sjálfstæðir framleiðendur þurfi að veita kvikmyndaiðnaðinum vörn fyrir aðgerðum sem myndu með beinum hætti fækka slíkum störfum umtalsvert.

Meðaltal endurgreiðslna á árunum 2012-2018 til annars sjónvarpsefnis og þar með skemmtiþátta, spjallþátta og raunveruleikaþátta eru um 80 milljónir króna á ári á tímabilinu. Aftur verður að benda á að endurgreiðslan er endurgreiðsla. Það er endurgreiðsla á hluta af þeim tekjum sem ríkissjóður hefur nú þegar fengið inn í kassann af einstöku verkefni. Erfitt er að festa reiður á nákvæma tölu en í ljósi allra þeirra augljósu afleiðinga sem lýst hefur verið hér að ofan yrði tekjutap ríkissjóðs og sjálfstæðra framleiðenda margfalt á við 80 milljónir, til viðbótar við beinan og óbeinan starfamissi fyrir utan þau afleiddu menningaráhrif sem lýst var hér að framan.

Einhverra hluta vegna virðist það þó vera stjórnvöldum óljóst hver nákvæmlega upphæðin er sem spara á við áformin. Í skýrslunni sem áformin virðast byggð á er tafla sem sýnir að meðaltali sé upphæðin 80 milljónir króna á ári. Í lok skýrslunnar er því þó slegið fram án útreikninga að aðgerðirnar muni spara 200 milljónir á ári. Í áformunum er þessi tala þó komin upp í 300 milljónir – og það aftur án útreikninga. Þessar tölur verða þó að teljast lítilvægar í samanburði við þær afleiðingar og miklu upphæðir sem hið opinbera yrði af við að raska við rekstrargrundvelli sjálfstæðra framleiðenda og skekkja samkeppnisstöðu Íslands sem tókustaðs erlendra kvikmyndaframleiðenda.

Sagafilm tekur undir mikilvægi þeirrar fyrirætlunar stjórnvalda að reikningar framleiðenda verði endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda og skilyrt að þeir verði endurskoðaðir í samræmi við lög um tímabundnar endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi.

Niðurstaða

Í ljósi alls ofangreinds lýsir Sagafilm því yfir þungum áhyggjum af áformunum og skorar á stjórnvöld að láta fyrirhugaðar breytingar vera, kvikmyndaiðnaðinum til heilla.

Ef frekari upplýsinga er óskað er sjálfsagt að leita til undirritaðs.

F.h. Sagafilm,

með vinsemd og virðingu,

Jónas Margeir Ingólfsson, lögfræðingur.